

Megas

Dyndilyndimyndir



Haflóa

Hraust er hún haflóa
hyldjúpra alsjóa
hvar ekkert finnst land til að lenda
auðn virðist þér og mér
þar sem hún unir sér
á himninum heims milli enda


Haflóa frjáls hún fló
feiknvíðum yfir sjó
átti svo ein himinhvelið
flaug hún þá hratt í blátt
heiðið svo ofurhátt
hennar var hátignarstélið

Hreiður hún á sér í
háskýi mjúku því
ungarnir þar hvað best una
sækir í hyldjúpið
saðningu og tekur við
gapandi gogganna runa

Engin finnst ógnin þar
endalaust allstaðar
ekkert er henni til ama
Vítt þar til veggja er
vel má hún leika sér
um hrafninn er henni slétt sama

Himins í heiðum sal
á hún þar á öllu val
en ef nú ærist hann Kári
auðmjúk og æðrufrí
ofviðri lýtur því
víkur og vinnur á fári

Skrifast og skrafast á
haflóa og maðkría
sitt hvorri segir af högum
hátt lifir lóa frí
heiðninni blárri í
nóttum og dýrðlegum dögum



Áni maðkur og Ána möðk

Ána maðk og Ánu möðk
eyrn' eru mjög svo sparðar blöðk-
ur en heyra fullvel grasið gróa
rótast milli rótanna
rýr þó séu til fótanna
því þau hafa þolinmæði nóga

Jarð þau vegavinnuhjú
voru og eru trygg og trú
góðvinafólk garðyrkjumannsins
skjótast guð þeim skriðið gaf
skot sem hafi riðið af
um sveitir allar sauðétnar landsins

Búa þau með bröltinu
beð slík á því röltinu
að gleður mjög grös sem urtir allar
breyta svo og bæta því
með byltingu jörðinni í
hag allrar hollustu vallar

Hlykkjast þau svo hljóðlaust - smurð
harða mjúka mold og urð
riffluð – því er þeirra góði gangur
blóm til þeirra hugsa hlýtt
hér er orðið allt sem nýtt
gleymt er sérhvert áhyggjuangur

Óvin grimman eiga og hann
allt þverbrýtur boð og bann
tínir þau tárvotar nætur
að þræða uppá öngul sinn
og egna fyrir góðfiskinn
sem bráðvel þykir bónda sjálfum ætur

Réttlæti á röngunni
ríkir oft á göngunni
gegnum lífsins táradaggar dalinn
dýrin bæði gegn og góð
gefa svita tár og blóð
flegin étin felld þá eru í valinn



Maðkrían

Djúpfuglinn maðkría
dúnmjúkra sæskýja
hugandi að háloftkarlaferðum
botnar á upphimni
innst inni jörðinni
af stærðum öllum og gerðum

Gerir sér innbússtað
úthússtaðar í stað
sem hæfir vel hennar stöku þörfum
þessi mold er herbergi
þar sem ekkert er hvergi
og gæslunnar gagnsinnir störfum

Liðhlykkjast rifflaður
um rót moldar brjótuður
smýgur sér smeygir skriðfróður
sefur nú sig í hnút
síðan hann teygist út
holu sér holar geðgóður

Djúpfuglinn maðkría
moldina sínýja
gerir með grúski og róti
Lofthelginnar gætir vel
goggur hennar og stél
hræðir þá er hún stríðir á móti

Moldin er himinhátt
höfuð – er hvelið – átt
skriður þar vítt sínum vængjum
varplöndin ver og grös
gróa útúr hennar nös
í griðum þau sofa undir sængum



Uglundur

Ugla sat ein á kvisti
átti börn sem hún missti
eitt tvö þrjú átti og misst hún
ekki þú sagði Krístrún
ekki er víst allt þó missi
að aldrei frammar gæfan kyssi

Hún eignaðist í staðinn einn vin
þann einasta færð'enni forsjónin
og vinur sá hann var hundur
á kvisti var þeirra fyrsti fundur
og þau urðu hvort öðru svo kær
hvort öðru þokuðust nær og nær

og langtum betra er samanið en sundrið
og svo einn góðan dag gerðist undrið

Þau sátu á kvisti saman svo þétt
um síðir urðu eitt það er rétt
og aldrei meir annað en eitt
skilið fékk þau hvorki eitt né neitt
skeð hafði einstakt undur
og ætíð síðan heita uglundur

Af þessu má sjá að það er satt og rétt
að sundri betra er samanið og sitja þétt

Betra er einn að eiga vin en allan heiminn
vinurinn þér veitir lið en veröldin er gleyminn
og dregur seiminn

Húsakostur og híbýlaprýði

Það kostar nostur
og nákvæma smíði
slíkur húsakostur
og híbýlaprýði

Hvar verður fundin
slíkra kosta byggð að lundin
sér finni allt af öllu
og ekki lítið snjöllu

Hvar ætli finni
svo fögur húsakynni
allt er þar af öllu
sem allra gleður sinni

Hátt flýgur örninn
í himna víðum sal
hærra fljúga börnin
í björtum djúpum dal

Þar eru stígar
rennur bæði og rör
sem rísa uppúr þökum
þinni að flýta för

Það kostar nostur
og nákvæma smíði
slíkur húsakostur
og híbýlaprýði

Þar má finna svo geipi-
lega gerðarleg reipi
sem sér í sveifla má
svo til bæði og frá

Sínum bústað háum
sveifla sér á braut
í átt til síns vinar
að vitja í lágri laut

Í sátt og samlyndi
sauðkindin ókindin
einn finna samastað
hvort öðru svo hlúir að

Enginn sá arki
er tekt gæddur kjarki
að slík hús útbúi
og til byggðar snúi

eða björt upp rísi
borg sem alla hýsi
enginn hvar öðrum á
alast og fitna má



Krossfiskur

Krossfiskur sævar á sandi
sínum krossleggur öngum
hugleiðir hafsins dular
háhvelfd djúp og löngum
móðast þá mynd og efni
máist deyfist burt ráfar
og horfinn er helgur fiskur
heimi lands og sjávar

Úthöfum yfir
ætla ég þá ríki
og sínu lífi lífi
leikhús meður kíkí
hugi að hafsvíðáttum
hvort háski ógni lýðum
er ægi birginn bjóða stríðum

Í allar höfuðáttir
einatt hann bendir
gengur um himingáttir
og geisla sína sendir
sjómaður nýja setur
sínu leið fari
voða í stað nær því vari

Fengur er að fiski
sem ferð gjörir úr sjávar
djúpi að mein og miski
menn ei hendi og hávar
himins sitja kjósi krár
leiðir til að lýsa
til lífs veg að vísa



Marglyttan

Marglytta – mjúkur
mjög er þinn – mín sæla
blíðlegur búkur
og blessun við að gæla
get ég trútt um talað
á tilfallandi sundi
þínum nakinn náði fundi

Í faðmi þér fríðum
hvar fögnuðurinn tifar
og þokki í þýðum
þar frið upplifa
ekki hýsir harm sá neinn
mar – gleði – glytta
gott var þig að hitta

Marglyttan mæta
mjúkt er þig að finna
flógula gæta
grant barna þinna
hátt í þínu hreiðri
himininn víða
á skýi um líða

Himins á boga
háum ei getur
um gesti sem voga
vandaðast letur
sundmenn lítt þig sækja heim
einn þó fálátur
fann þig býsna kátur